

sem tekið er tillit til tekna og annarra aðstæðna viðkomandi og kostnaðar við hjálpinna. Skal taxti þessi breytast í samræmi við laun og framfærslukostnað.

Hreppsnefnd setur og nánari reglur um greiðslu, innheimtu og annað sem hún telur máli skipta í þessu efni.

8. gr.

Ólafsvíkurhreppur annast bókhald og fjárreiður heimilisþjónustunnar og skulu reikningar endurskoðast árlega með sama hætti og reikningar hreppssjóðs.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Ólafsvíkurhrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með, samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952, um heimilishjálp í viðlögum til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 5. apríl 1979.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.

G J A L D S K R Á

fyrir heimilishjálp í Ólafsfirði.

1. gr.

Fyrir þjónustu veitta samkvæmt reglugerð um heimilisþjónustu, skal sá er þjónustu nýtur greiða gjald samkvæmt eftirfarandi gjaldstiga, sem miðast við mánadartekjur neytanda og laun starfsfólks heimilisþjónustunnar og launatengd gjöld.

1. taxti kr. 0 fyrir unna klukkustund
2. taxti kr. 500 fyrir unna klukkustund
3. taxti kr. 900 fyrir unna klukkustund
4. taxti kr. 1 500 fyrir unna klukkustund

Taxtar þessir skulu breytast í samræmi við breytingar á launum starfsfólks og launatengdum gjöldum.

2. gr.

Greiðsluskylda neytenda ákvarðast af mánaðartekjum hans og skal tekið tillit til þess hvort um er að ræða einstakling, hjón eða sambýlisfólk. Greiðsluskylda skal vera sem hér segir:

Fyrir einstaklinga:

1. Tekjur undir kr. 222.093
2. Tekjur frá kr. 222.093 til kr. 296.124.
3. Tekjur frá kr. 195.256 til kr. 244.700
4. Tekjur yfir kr. 244.700

Fyrir hjón og sambýlisfólk:

1. Tekjur undir kr. 222.093
2. Tekjur frá kr. 222.093 til kr. 296.124.
3. Tekjur frá kr. 296.124 til kr. 370.156
4. Tekjur yfir kr. 370.156

Ofangreind viðmiðun skal breytast ef breytingar verða á grunnlífeyri og tekju-tryggingu skv. almannatryggingalögum.

3. gr.

Ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi er bæjarstjórn heimilt að víkja frá gjaldskrá þessari.

Gjaldskrá þessi, sem samín er og samþykkt af bæjarstjórn Ólafsfjarðar, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 frá 25. janúar 1952 um heimilishjálpi í viðlögum, sbr og lög nr. 34 frá 10. apríl 1974 um breytingu á þeim lögum, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 3. apríl 1979.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 150/1972 um orlof.

6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Nú kemur í ljós að launagreiðandi hefur vanrækt greiðslu orlofsfjár og skal þá Póstur og sími vekja athygli hans á því og skora á hann að gera full skil þegar í stað eða í síðasta lagi innan þriggja daga.

Beri slík áskorun ekki árangur skal Póstur og sími hlutast til um innheimtu þegar í stað.

Sé fyrrsjáanlegt að innheimta taki það langan tíma að orlofsfé komist eigi í hendur orlofsþega þegar hann hyggst fara í orlof skal Póstur og sími greiða honum inneign hans.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 87 24. desember 1972 um orlof sbr. lög nr. 12 29. mars 1979, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið 6. apríl 1979.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Selfoss.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 6. apríl 1979 staðfest aðalskipulagsupprátt fyrir Selfoss.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af bæjarstjórn Selfosskaupstaðar og skipulagsstjóra ríkisins.